

Liðum frestað hjá málhöfum sem eru svo þungir að fólk á erfitt með að skilja hvað er í gangi

Anton Karl Ingason

`anton.karl.ingason@gmail.com`

25. Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins
og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands

29. janúar, 2011

Yfirlit

- Stundum er talað um að **þungum liðum** sé **frestað** eða þeir **fráfærðir** – aftar í setninguna en þeim er eðlilegt
- Hvers vegna er þungum liðum frestað?
- Hvers eðlis er þyngd?
(setningafræði/upplýsingaformgerð/hljóðkerfi)
- Er þyngd tvígildur eiginleiki eða er hún **mælanleg á kvarða**?
- Megindleg athugun á frestun tilvísunarsetninga í íslenska trjábankanum

Frestun þungs nafnliðar

- (1)
- a. Sjórinna svipti [gömlu konuna] fyrirvinnunni.
 - b. *Sjórinna svipti fyrirvinnunni [gömlu konuna].
 - c. Sjórinna svipti [gömlu konuna sem býr niðri við sjóinn] fyrirvinnunni.
 - d. Sjórinna svipti fyrirvinnunni [gömlu konuna sem býr niðri við sjóinn].

(Dæmi frá Höskuldi Þráinssyni 2005)

Frestun/fráfærsla tilvísunarsetningar

- (2) a. Þeir [sem syngja] eru svalir.
 b. Þeir eru svalir [sem syngja].
- (3) a. Þeir [sem syngja um skugga í skjóli nætur skjóta rótum sínum hér] eru svalir.
 b. Þeir eru svalir [sem syngja um skugga í skjóli nætur skjóta rótum sínum hér].

(Sbr. Stefán Hilmarsson 1992)

Af hverju er þungum liðum frestað?

Togstreita milli hraða og nákvæmni

- Viðamiklar tilraunaniðurstöður úr sálfræðilegum málvísindum benda til þess að frestun á þungum lið auki leshraða og auki einnig líkur á misskilningi (MacWhinney og Pleh 1988)
- Togstreita milli hraða og nákvæmni
- Á við um frestun bæði nafnliða og tilvísunarsetninga
- Frestuð tilvísunarsetning => ekkert hlé í úrvinnslu, en erfiðara er að ákvarða hvert höfuðorðið er.

- (4)
- a. Liðum [sem eru svo þungir að fólk á erfitt með að skilja hvað er í gangi] frestað hjá málhöfum.
 - b. Liðum frestað hjá málhöfum [sem eru svo þungir að fólk á erfitt með að skilja hvað er í gangi].

Misskilningur í náttúrulegum gögnum

Bandarískar umferðarreglur:

A person is guilty of reckless driving who fails to **stop**, when **approaching** from any direction, **any school bus which is stopped on any highway, private road or school driveway** for the purpose of taking on or discharging children.

(Washington Post, 30. nóvember 2010; sjá einnig LanguageLog, 1. desember 2010) [Leturbr. AKI]

Sýknaður af þungum nafnlið

Sýknaður af þungum nafnlið:

“He can only be guilty if he failed to stop any school bus,” Judge Marcus D. Williams said at the end of the brief trial of John G. Mendez, 45, of Woodbridge. “And there’s no evidence he did.”

(Washington Post, 30. nóvember 2010)

„Þyngd“

Hvað er þyngd?

(og af hverju umlykja málfræðingar hana gjarna gæsalöppum?)

Lengd og/eða flækjustig?

Liður er þungur „whose **length or complexity** affects the positions it can occupy in a sentence“

(Oxford Concise Dictionary of Linguistics; Matthews 2007:173)

[Leturbr. AKI]

- Hvers konar lengd?
- Hvers konar flækjustig?
- Hvernig mælir maður það?

Nýjar og/eða miklar upplýsingar?

- (5) „Frá sjónarmiði upplýsingagildis og þeirra meginreglu að **nýjar upplýsingar (eða meiri upplýsingar?)** hafi tilhneigingu til að koma síðar í setninguni er þessi færsla mjög eðlileg. Því „þyngri“ sem tiltekinn liður er, því **meiri upplýsingar** má ætla að hann feli í sér og þá verður eðlilegt að hann hafi tilhneigingu til að koma seint í setningunni.“

(Höskuldur Þráinsson 2005:588) [Leturbr. AKI]

- Langur liður er þungur ef hann hefur nýjar og/eða miklar upplýsingar?
- Hvað með mikið af gömlum upplýsingum?
- Geta upplýsingar verið misnýjar?
- Hvernig á að mæla upplýsingamagnið?
- Hvað með langa upplýsingarýra liði?

Langir upplýsingarýrir liðir

- (6) a. Þeir [sem syngja] eru svalir.
b. Þeir eru svalir [sem syngja].
- (7) a. Þeir [sem syngja um skugga í skjóli nætur skjóta rötum sínum hér] eru svalir.
b. Þeir eru svalir [sem syngja um skugga í skjóli nætur skjóta rötum sínum hér].
- (8) a. Þeir [sem syngja lalalalalalalalala], eru svalir.
b. Þeir eru svalir [sem syngja lalalalalalalalala].

Upplýsingar, lengd og þyngd

- Upplýsingaformgerð („nýjar“ / „gamlar“) tengist stundum frestun liða
- Þyngd tengist stundum frestun liða
- Þetta merkir **ekki** að það séu bein tengsl milli upplýsinga (nýrra og/eða mikilla) og þyngdar!

Tvígild eða samfelld breyta?

Er þyngd tvígild breyta eða er hún mælanleg á kvarða?

Hljóðkerfiskenning um þyngd

(9) **Tilgáta:**

Þyngd er mælanleg á kvarða (ekki tvígild) og hún er mæld í fjölda hljóðkerfislegra eininga. Liður með fleiri atkvæði/ aðaláherslur/orð er þyngri en liður með færri sams konar einingar.

(10) **Spádómur:**

Líklegra er að setningalið, t.d. tilvísunarsetningu, sé frestað eftir því sem fleiri orð eru í henni.

Tilvísunarsetningar í íslenska trjábankanum

- Athugun á 1367 tilvísunarsetningum úr íslenska trjábankanum (tæmandi úrtak úr 262.000 orða málheild)
- Aðeins setningar sem tengjast frumlögum og andlögum
- Hver setning kóðuð eftir breytum sem (e.t.v.) skipta máli:
 - Tilvísunarsetningu frestað eða hún á sínum stað
 - Lengd (þyngd) tilvísunarsetningar í fjölda orða
 - Höfuðliður er frumlag/andlag
 - Höfuðliður er ákveðinn/óákveðinn

Ákveðni og orðaröð

Ákveðnibreytan í þessari rannsókn: Liður sem getur (auðveldlega og óháð samhengi) verið frumlag í bakstöðu á eftir lýsingarhætti:

Óákveðnir liðir:

- (11) a. Það hafa verið **mýs** hér.
(óákv. no.)
- b. Það hafa verið **mýs stelpna** hér.
(óákv. no.+óákv. eignl.)
- c. Það hafa verið **einhverjar mýs** hér.
((mögulega) veikur magnliður + óákv. no.)

Ákveðnir liðir:


- (12) a. *Það hafa verið **mýsnar** hér.
(ákv. no.)
- b. *Það hafa verið **mýs stelpnanna** hér.
(óákv. no.+ákv. eignarl.)
- c. *Það hafa verið **allar mýs** hér.
((alltaf) sterkur magnliður + óákv. no.)

Niðurstöður

Fjölpátta aðhverfsgreiningu (e. *logistic regression analysis*) beitt til að meta hvort orðafjöldi tilvísunarsetningar hefur marktæk áhrif á líkur til þess að henni sé frestað (að teknu tilliti til breytna sem hafa áhrif á stöðu höfuðliðar í móðursetningu)

(13) Mjög marktæk áhrif á frestun:

- Höfuðliður er frumlag / andlag
- Ákveðni höfuðliðar
- Orðafjöldi



Niðurstöður

- Frestun þungra liða skýrist af togstreitu milli hraða og nákvæmi í vinnslu heilans
- En hvað er þetta þunga/mikla sem heilinn á erfitt með?
- Upplýsingakenning um þyngd er til ýmissa vandræða:
 - Til að skýra línulegt samband milli lengdar og frestunar þyrfti upplýsingakenningin að vísa til „meiri upplýsinga“ (en ekki nýnæmi)
 - Kenning um meiri upplýsingar er í mótsögn við „lalalalalalalalala“ dæmið.
 - Án nákvæmrar aðferðar við að mæla upplýsingaþyngd er ekki hægt að láta reyna kerfisbundið á slíka kenningu.
- Kenning um hljóðkerfislega þyngd er skýr og afsannanleg og leysir fyrirhafnarlaust úr ofangreindum vandamálum.